

Kópavogur 4. janúar 2022

Fræðsla til foreldra um meðferð persónuupplýsinga við Staðlað mat á umfangi stuðningsþarfa fatlaðra barna


Ráðgjafar- og greiningarstöð annast framkvæmd Staðlaðs mats á umfangi stuðningsþarfa barna, Supports Intensity Scale Children's Version, SIS-C. Matskerfið metur með samræmdum og hlutlægum hætti stig og magn þess hagnýta stuðnings sem fötluð börn þarfnast til að lifa eðlilegu lífi með fullri þátttöku í samfélaginu. Matið, sem nær til barna á aldrinum 5–17 ára, metur stuðningsþarfir óháð fötlunargreiningu, í samanburði við önnur börn, bæði fötluð og ófötluð.

Matið er framkvæmt af sérfræðingi í SIS-matskerfi með víðtæka reynslu af starfi með fötluðum börnum og fjölskyldum þeirra. Það er framkvæmt í nærumhverfi barnsins, t.d. í grunnskólum eða öðru húsnæði á vegum sveitarfélaga. Sérfræðingur í SIS-matskerfi frá hittir foreldra/aðstandendur ásamt faglærðu starfsfólki sem þekkja barnið vel og hafa umgengist það reglulega. Gerð er krafa um að þessir aðilar hafi jafnframt tekið beinan þátt í daglegum viðfangsefnum barnsins a.m.k. undanfarna þrjá mánuði. Viðtal sérfræðings í SIS-matskerfi við foreldra og fagfólk (saman í viðtali) tekur allt að tveimur klst. Auk þess hittir hann barnið sjálft og fylgist með því í bekkjarstarfi eða við aðrar hentugar aðstæður.

Tengiliður sveitarfélags sér um undirbúning og skipulagningu matsins sem m.a. felst í því að hafa samband við foreldra og upplýsa þá um framkvæmd matsins. Einnig að tímasetja viðtöl í samvinnu við foreldra og Ráðgjafar- og greiningarstöð.

Niðurstöður eru varðveittar í gagnagrunni Ráðgjafar- og greiningarstöðvar og nýtast í þjónustu stofnunarinnar við barnið. Ópersónugreinanlegar upplýsingar eru sendar til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og eru nýttar til ákvörðunar um fjárframlög til sveitarfélaga vegna sérþarfa fatlaðra nemenda á grunnskólaaldri.

Ítarlegar niðurstöður eru sendar til tengiliðs sveitarfélagsins sem sér um málefni fatlaðra barna í grunnskólum. Hann ber ábyrgð á að þær séu kynntar fyrir foreldrum og öðrum sem sjá um að veita barninu þjónustu. Niðurstöðurnar geta foreldrar og starfsmenn skóla og/eða félagsþjónustu nýtt við gerð einstaklingsáætlunar um stuðning fyrir hvert og eitt barn.



Guðný Stefánsdóttir
Þroskaþjálfari MA og sviðsstjóri
Mat á stuðningsþörf